

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1179/2012**2013/EES/56/53****frá 10. desember 2012****um viðmiðanir til að ákvarða hvenær glerbrot hætta að vera úrgangur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

1. gr.

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

Viðfangsefni

Með þessari reglugerð er komið á fót viðmiðunum til að ákvarða hvenær glerbrot, sem eru ætluð til framleiðslu á efnum eða hlutum úr gleri með endurbraðsluferlum, hætta að vera úrgangur.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

2. gr.

1) Mat á ólíkum straumum úrgangs sýnir að það yrði endurvinnslumörkuðum fyrir glerbrot til bóta ef ákveðnar væru sérstakar viðmiðanir til að ákvarða hvenær glerbrot úr úrgangi hætta að vera úrgangur. Þessar viðmiðanir skulu tryggja öflugna umhverfisvernd. Þær skulu ekki hafa áhrif á flokkun glerbrota sem úrgangur í þriðju löndum.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda þær skilgreiningar sem settar voru fram í tilskipun 2008/98/EB.

Að auki gilda eftirfarandi skilgreiningar:

2) Skýrslur frá Sameiginlegri rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar sýna að markaður og eftirspurn eru fyrir hendi að því er varðar glerbrot til notkunar sem hráefni í glerframleiðsluöndunum. Glerbrot skulu því vera nægilega hrein og í samræmi við viðkomandi staðla og forskriftir glerframleiðsluöndunarins.

1) „glerbrot“: glerbrot sem verða til við endurnýtingu á úrgangsgleri,

3) Í viðmiðununum, sem notaðar eru til að ákvarða hvenær glerbrot hætta að vera úrgangur, skal tryggja að glerbrot úr endurnýtingu uppfylli tæknilegar kröfur glerframleiðsluöndunarins, samræmist gildandi löggjöf og stöðlum um afurðir og hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið eða heilbrigði manna í heild. Skýrslur frá Sameiginlegri rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sýna að fyrirhugaðar viðmiðanir varðandi úrgang, sem notaður er sem hráefni í endurnýtingu, aðferðir og tækni til meðhöndlunar og glerbrotin sem fást með endurnýtingunni, uppfylla þessi markmið þar sem þau ættu að leiða til framleiðslu á glerbrotum sem eru án hættulegra eiginleika og nægilega laus við glerlausa efnisþætti.

2) „eigandi“: einstaklingur eða lögaðili sem hefur glerbrot í vörslu sinni,

4) Til að tryggja samræmi við viðmiðanirnar er rétt að kveða á um að veittar séu upplýsingar um glerbrot sem eru hætt að vera úrgangur og að stjórnunarkerfi sé komið á.

3) „framleiðandi“: eigandi sem flytur glerbrot til annars eiganda í fyrsta skipti sem glerbrot sem eru hætt að vera úrgangur,

5) Rétt þykir að kveða á um hæfilegan frest þar til þessi reglugerð tekur gildi til að gera rekstraraðilum kleift að laga sig að viðmiðunum sem gilda um hvenær glerbrot hætta að vera úrgangur.

4) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem flytur glerbrot sem eru hætt að vera úrgangur inn á tollsvæði Sambandsins,

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 39. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

5) „sérmenntað starfsfólk“: starfsfólk sem sökum reynslu eða þjálfunar hefur réttindi og hæfi til að vakta og leggja mat á eiginleika glerbrota,

6) „sjónræn skoðun“: skoðun á öllum hlutum sendingar af glerbrotum með mannlegum skynfærum eða ósérhæfðum búnaði,

7) „sending“: lota glerbrota sem ætluð er til afhendingar frá framleiðanda til annars eiganda og kann að vera geymd í einni eða fleiri flutningseiningum, t.d. gámum.

*3. gr.***Viðmiðanir varðandi glerbrot**

Glerbrot skulu teljast hætt að vera úrgangur þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt við afhendingu frá framleiðanda til annars eiganda:

1) glerbrotin, sem fást með endurnýtingunni, eru í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. þætti I. viðauka,

2) úrgangurinn, sem notaður er sem upphafsefni í endurnýtingunni, er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. þætti I. viðauka,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 337, 11.12.2012, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

- 3) úrgangurinn, sem notaður er sem upphafsefni í endurnýtingunni, hefur verið meðhöndlaður í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 3. þætti I. viðauka,
- 4) framleiðandinn uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 4. og 5. gr.,
- 5) glerbrotin eru ætluð til framleiðslu á efnunum eða hlutum úr gleri með endurbæðsluferlum.

4. gr.

Samræmisýfirlýsing

1. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal gefa út samræmisýfirlýsingu, í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í II. viðauka, fyrir hverja sendingu af glerbrotum.
2. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal senda samræmisýfirlýsinguna til næsta eiganda sendingarinnar af glerbrotum. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal halda eintaki af samræmisýfirlýsingu í a.m.k. eitt ár eftir útgáfudag hennar og gera það aðgengilegt lögbærum yfirvöldum samkvæmt beiðni.
3. Samræmisýfirlýsingin má vera á rafrænu formi.

5. gr.

Stjórnunarkerfi

1. Framleiðandinn skal koma á stjórnunarkerfi þar sem hægt er að sýna fram á samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í 3. gr.
2. Stjórnunarkerfið skal fela í sér skjalfestar verklagsreglur varðandi hvern eftirfarandi þátta:
 - a) vöktun á gæðum glerbrota sem fást með endurnýtingunni, eins og sett er fram í 1. þætti I. viðauka (þ.m.t. sýnataka og greining),
 - b) eftirlit við viðtöku úrgangs sem notaður er sem upphafsefni í endurnýtingunni, eins og sett er fram í 2. þætti I. viðauka,
 - c) vöktun aðferða og tækni til meðhöndlunar, eins og lýst er í 3. þætti I. viðauka,
 - d) svörun frá viðskiptamönnum varðandi gæði glerbrota,
 - e) skráningu niðurstaðna vöktunar sem fer fram í samræmi við a- til c-lið,
 - f) endurskoðun og endurbætur á stjórnunarkerfinu,
 - g) þjálfun starfsfólks.
3. Í stjórnunarkerfinu skal einnig mæla fyrir um sértæku kröfurnar um vöktun sem settar eru fram í I. viðauka fyrir hverja viðmiðun.

4. Samræmismatsstofa, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ⁽¹⁾ sem hefur hlotið faggildingu í samræmi við þá reglugerð, eða umhverfissannprófandi, eins og skilgreint er í b-lið 20. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 ⁽²⁾, sem er faggiltur eða með leyfi í samræmi við þá reglugerð, skal sannprófa að stjórnunarkerfið uppfylli kröfur þessarar greinar. Sannpröfun skal fara fram á þriggja ára fresti. Eingöngu sannpröfendur með eftirfarandi gildissvið faggildingar eða leyfi, sem er byggt á kóðum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna eins og tilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ⁽³⁾, teljast hafa nægilega sértæka reynslu til að inna af hendi þá sannpröfun sem um getur í þessari reglugerð:

— * Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna 38 (Starfsemi á sviði sorphirðu, meðhöndlunar og förgunar sorps, endurnýting efnis), eða

— * kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna 23.1 (Framleiðsla á gleri og glervörum).

5. Innflytjandinn skal krefja afhendingaraðila sína um að þeir komi á stjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar og sem er sannprófað af óháðum utanaðkomandi sannprófaða.

Stjórnunarkerfi afhendingaraðilans skal vottað af samræmismatsstofu, sem er faggilt af faggildingarstofu sem hefur staðist jafningjamat fyrir þá starfsemi hjá stofnuninni sem er viðurkennd í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, eða af umhverfissannprófanda sem er fullgildur eða sem hefur verið veitt leyfi af faggildingar- eða leyfisveitingarstofu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009, sem einnig skal gangast undir jafningjamat skv. 31. gr. þeirrar reglugerðar.

Sannpröfendur, sem vilja starfa í þriðju löndum, verða að fá til þess sérstaka faggildingu eða leyfi, í samræmi við þær forskriftir sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 765/2008 eða reglugerð (EB) nr. 1221/2009 ásamt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/832/ESB ⁽⁴⁾.

6. Framleiðandinn skal veita lögbærum yfirvöldum aðgang að stjórnunarkerfinu samkvæmt beiðni.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 11. júní 2013.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 330, 14.12.2011, bls. 25.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Viðmiðanir varðandi glerbrot

Viðmiðanir	Kröfur varðandi eigið efitrill
<p>1. Þáttur. Gæði glerbrota sem fást með endurnýtingunni</p>	<p>Sérmenntað starfsfólk skal sannreyna að hver sending sé í samræmi við viðeigandi forskrift.</p>
<p>1.1. Glerbotin skulu vera í samræmi við forskrift viðskiptamanns, iðnaðarforskrift eða staðal fyrir beina notkun í framleiðslu á efnum eða hlutum úr gleri með endurbæðingu í glerframleiðslustöðvum.</p>	
<p>1.2. Innihald eftirtalinnna glerlausra efnisþátta skal vera sem hér segir:</p>	<p>Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma sjónræna skoðun á hverri sendingu. Greina skal dæmigerð úrtök úr glerbotum með viðeigandi millibili (a.m.k. á 6 mánaða fresti), sem ber að endurskoða ef umtalsverðar breytingar eru gerðar á vinnsluferlinu, með þyngdarmælingu til að mæla heildarmagn glerlausra efnisþátta. Greina skal innihald glerlausu efnisþátta með vigtun eftir að efnin hafa verið skilin að á vélrænan eða handvirkkan hátt (eins og við á) við vandlega sjónræna skoðun. Akvarða skal viðeigandi tíðni vöktunar með skoðun úrtaka með tilliti til eftirfarandi þátta:</p>
<p>Járnrikir málmar: ≤ 50 milljónarhlutar,</p>	
<p>Járnlausir málmar: ≤ 60 milljónarhlutar,</p>	
<p>Málm- og glerlaus ólífræn efni:</p>	<p>— mynstri breytileika sem búiast má við (t.d. út frá fyrri niðurstöðum),</p>
<p>< 100 milljónarhlutar fyrir glerbrot af stærð > 1 mm,</p>	<p>— eðlislegri áhættu á breytileika í gæðum úrgangsglers sem notað er sem upphafs efni í endurnýtingu og allri vinnslu sem kamm að fara fram síðar. Úrgangsgler, sem fellur til við glerframleiðslu og sem er með mjög fyrirsjáanlega samsetningu, þarf líklega ekki að vakta jafn reglulega. Úrgangsgler úr söfnun fjölda efna þarf e.t.v. að vakta enn reglulegar,</p>
<p>< 1500 milljónarhlutar fyrir glerbrot af stærð ≤ 1 mm,</p>	<p>— nákvæmni sjálfrar vöktunaraðferðarinnar,</p>
<p>Lífræn efni: ≤ 2000 milljónarhlutar.</p>	<p>— hversu nálægt niðurstöður varðandi innihald glerlausu efnisþátta eru fyrrgreindum mörkum.</p>
<p>Sem dæmi um málm- og glerlaus ólífræn efni má nefna: leir, steina, postulín, eldfastan leir (e. <i>pyro-ceramics</i>).</p>	<p>Feritið til að ákvarða tíðni vöktunar skal skjalfest sem hluti af stjórnunarkerfinu og hægt skal vera að endurskoða það.</p>
<p>Sem dæmi um lífræn efni má nefna: pappír, gúmmi, plast, vefnaður, timbur.</p>	
<p>1.3. Glerbotin skulu ekki hafa neina þá hættulegu eiginleika sem taldir eru upp í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB. Glerbotin skulu vera í samræmi við styrkleikamörkin sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB () og ekki fara yfir styrkleikamörkin sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004/EB ().</p>	<p>Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma sjónræna skoðun á hverri sendingu. Ef sjónræn skoðun gefur tilefni til gruns um að hættulegir eiginleikar kunni að vera til staðar skal grípa til frekari viðeigandi ráðstafana varðandi vöktun, t.d. sýnatöku og prófunar þegar við á.</p> <p>Starfsfólk skal fá þjálfun varðandi hugsanlega hættulega eiginleika sem kunna að tengjast glerbotum og varðandi efnisþætti eða einkenni sem leitt geta í ljós hættulega eiginleika.</p> <p>Aðferðin til greiningar á hættulegum efnum skal skjalfest í stjórnunarkerfinu.</p>

Viðmiðanir	Kröfur varðandi eigið eftirlit
2. þáttur. Úrgangur sem er notaður sem upphafsefni í endurnýtingunni	
2.1. Aðeins má nota úrgang úr endurheimtanlegu ílátageri, sléttu gleri eða blýlausum borðbúnaði sem upphafsefni. Úrgangsglerið, sem safnað hefur verið, gæti innihaldið aðrar glertegundir í litlu magni þótt það sé ekki ætlunin.	Sérmenntað starfsfólk, sem hefur verið þjálfað til að bera kennsl á úrgang sem inniheldur gler og sem uppfyllir ekki viðmiðanirnar sem settar eru fram í þessum þætti, skal annast eftirlit með öllum úrgangi við viðtöku (með sjónrænni skoðun) og meðfyllgjandi skjölum.
2.2. Ekki skal nota úrgang, sem inniheldur gler, úr blönduðu húsasorpi í föstu formi eða úr heilbrigðisþjónustusorpi sem upphafsefni.	
2.3. Ekki skal nota hættulegan úrgang sem upphafsefni.	
3. þáttur. Aðferðir og tækni til meðhöndlunar	
3.1. Úrganginum sem inniheldur gler skal hafa verið safnað, hann aðskilinn og unninn og þaðan í frá skal honum hafa verið haldið varanlega aðskildum frá öllum öðrum tegundum úrgangs.	
3.2. Allri meðhöndlun, svo sem mulningi, flokkun, skiljun eða hreinsun, sem nauðsynleg er til að undirbúa glerbrotin til beinnar notkunar (með endurbærðslu) í framleiðslu á efnum eða hlutum úr gleri, skal vera lokið.	
⁽¹⁾ Sjá ESB L 226, 6.9.2000, bls. 3.	
⁽²⁾ Sjá ESB L 229, 30.4.2004, bls. 1.	

II. VIÐAUKI

Yfirlýsing um samræmi við viðmiðanirnar um hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur, eins og um getur í 1. mgr. 4. gr.

1.	Framleiðandi/innflytjandi glerbrota: Nafn: Heimilisfang: Tengiliður: Sími: Bréfasími: Tölvupóstfang:
2.	a) Heiti eða kóði flokks glerbrota, í samræmi við iðnaðarforskrift eða staðal: b) Helstu tæknilegu ákvæði iðnaðarforskriftar eða staðals, þ.m.t. að farið sé eftir gæðakröfum fyrir vörur þegar úrgangur hættir að vera úrgangur að því er varðar glerlausra efnisþætti, þ.e. innihald járnrikra málma, járnlausra málma, málmlausra/glerlausra ólífrænna og lífrænna efna:
3.	Sending glerbrota er í samræmi við iðnaðarforskriftina eða staðalinn sem um getur í 2. lið.
4.	Þyngd sendingar í kílóum:
5.	Framleiðandi glerbrota beitir stjórnunarkerfi sem er í samræmi við kröfur reglugerðar (ESB) nr. 1179/2012 og sem hefur verið sannprófað af viðurkenndri samræmismatsstofu eða af umhverfissannprófanda eða, þegar glerbrot sem eru hætt að vera úrgangur eru flutt inn á tollsvæði Sambandsins, af óháðum utanaðkomandi sannprófanda:
6.	Sending glerbrota uppfyllir viðmiðanirnar sem um getur í 1.–3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1179/2012.
7.	Efnið í þessari sendingu er eingöngu ætlað til beinnar notkunar við framleiðslu á efnum eða hlutum úr gleri í endurbæðsluferlum.
8.	Yfirlýsing framleiðanda/innflytjanda glerbrota: Ég staðfesti að framangreindar upplýsingar eru fullnægjandi og réttar og gefnar samkvæmt bestu vitund: Nafn: Dagsetning: Undirskrift: